

3. janúar 2023  
Tilvísun: 2212133

Dreifibréf númer: 45/2022  
til rekstrarfélaga verðbréfasjóða,  
starfsleyfisskyldra rekstraraðila sérhæfðra sjóða  
sem markaðssetja afurðir til almennra fjárfesta  
og Samtaka fjármálafyrirtækja

*Efni:* Form fyrir lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta - PRIIPs.

Með lögum nr. 55/2021, um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, var reglugerð (ESB) nr. [1286/2014](#) (PRIIPs) innleidd í íslenskan rétt, þ.m.t. skyldan í 5. gr. PRIIPs um að aðilar gefi út lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta svo þeim sé unnt að skilja og bera saman lykilþætti og áhættu pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 55/2021 hafa rekstrarfélög verðbréfasjóða, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla laga nr. 45/2020 og aðilar sem veita ráðgjöf um eða selja hluti og/eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta skv. sama kafla, hingað til verið undanþegnir gildissviði laganna, þ.m.t. skyldunni til að gefa út lykilupplýsingaskjöl þegar afurðir hafa verið boðnar almennum fjárfestum. Undanþágan var veitt á þeim grundvelli að verið væri að vinna að sérstöku formi fyrir lykilupplýsingaskjöl fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan Evrópusambandsins. Rekstrarfélög verðbréfasjóða hafa því hingað til gefið út lykilupplýsingaskjöl skv. tilskipun (ESB) 2009/65 (UCITS) sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og hefur sambærileg skylda jafnframt verið á rekstraraðilum sérhæfðra sjóða á grundvelli laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Fyrrgreind undanþáguheimild til framangreindra aðila rann út 31. desember 2022 og eru aðilar því nú skyldugir til að útbúa lykilupplýsingaskjöl samkvæmt lögum nr. 55/2021 en ekki samkvæmt lögum 116/2021 og 45/2020 eins og að framan hefur verið lýst.

Af framangreindu tilefni veður fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands athygli á reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) [2021/2268](#)<sup>1</sup> sem varðar lykilupplýsingaskjöl fyrir framgreinda aðila, þ.m.t. framsetningu á efni lykilupplýsingaskjals, sbr. 5. mgr. 8. gr. PRIIPs, endurskoðun upplýsinga í lykilupplýsingaskjali, sbr. 2. mgr. 10. gr. PRIIPs og miðlun lykilupplýsingaskjals, sbr. 5. mgr. 13. gr. PRIIPs, og beinir því til viðtakenda dreifibréfsins að kynna sér hana og taka framvegis mið af henni við samningu og miðlun lykilupplýsingaskjala fyrir almenna fjárfesta á grundvelli laga nr. 55/2021. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við framkvæmdarreglugerðina í eftirlitsframkvæmd við mat á því hvort uppfylltar séu kröfur sem lagðar eru á aðila skv. lögnum.

Seðlabankinn mun í framhaldinu, þegar endanleg þýðing þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins liggur fyrir, gefa út reglur á grundvelli 2. mgr. 17. gr. laga nr. 55/2021 sem koma til með að innleiða fyrrgreinda reglugerð (ESB) 2021/2268 í íslenskan rétt.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.<sup>2</sup>

Virðingarfyllt,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS  
fjármálaeftirlit

Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir

Inga Dröfn Benediktsdóttir  
forstöðumaður  
markaðir og viðskiptahættir

---

<sup>1</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2268 frá 6. september 2021 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653 að því er varðar undirstöður aðferðafræði og framsetningu á árangurssviðsmyndum, framsetningu á kostnaði og aðferðafræði fyrir útreikning á samanteknum kostnaðarvísium, framsetningu og innihaldi upplýsinga um fyrri frammistöðu og framsetningu á kostnaði pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) sem bjóða marga valkosti til fjárfestingar og aðlögun á umbreytingarfyrirkomulagi fyrir framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta sem bjóða hlutdeildarskirteini í sjóðum eins og um getur í 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014, sem undirliggjandi fjárfestingarmöguleika, að framlengdu umbreytingarfyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í þeirri grein.

<sup>2</sup> e. Official Journal of the European Union.

